



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 365. fund velferðarráðs 20. nóvember 2019
VEL 2019090020
RÁ/ag

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um ferðaheimildir starfsmanna velferðarsviðs

Þann 4. september 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Listi yfir ferðir starfsmanna og kjörinna fulltrúa janúar til júní 2019 samkvæmt verklagsreglum um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar (FMS-VLR-029) er lagður fram. Hér er um að ræða 1,8 milljónir.

Flokkur fólksins óskar eftir að fá yfirlit yfir ferðir síðustu þriggja ára og fá upplýsingar um kostnað borgarinnar í því sambandi. Einnig er kallað eftir hvaða stefnu velferðarsvið og ráðið hefur um ferðir erlendis og kostnað í sambandi við þær?

Svar:

Meðfylgjandi er listi fyrir ferðir starfsmanna árin 2017, 2018 og janúar – september 2019, verklagsreglur um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar, leiðbeiningar um ferðaheimildir varðandi utanlandsferðir starfsmanna á vegum Reykjavíkurborgar og leiðbeiningar um ferðaheimildir varðandi ferðir starfsmanna innanlands á vegum Reykjavíkurborgar.

Eftirfarandi er kostnaður vegna ferða starfsmanna og kjörinna fulltrúa árin 2017, 2018 og janúar til september 2019:

2017	Fjárhæð	2018	Fjárhæð	2019 jan-sept	Fjárhæð
Borgarfulltrúar	243.248	Borgarfulltrúar	473.325	Borgarfulltrúar	280.189
Embættismenn	2.467.536	Embættismenn	1.706.671	Embættismenn	980.088
Aðrir	6.005.250	Aðrir	4.736.713	Aðrir	1.166.227
Styrkir	-3.544.756	Styrkir	-2.811.314	Styrkir	-592.411
Samtals	5.171.278	Samtals	4.105.395	Samtals	1.834.093

Regína Ásvaldsdóttir
Sviðsstjóri

Hjálagt:

Yfirlit yfir ferðir starfsmanna utanlands 2017

Yfirlit yfir ferðir starfsmanna utanlands 2018

Yfirlit yfir ferðir starfsmanna utanlands 2019

Verklagsreglur um ferðaheimildir og greiðslu ferðakostnaðar í ferðum á vegum Reykjavíkurborgar, dags. 1. júlí 2019.

Leiðbeiningar um ferðaheimildir varðandi ferðir starfsmanna innanlands á vegum Reykjavíkurborgar, dags. 1. júlí 2019.

Leiðbeiningar um ferðaheimildir varðandi utanlandsferðir starfsmanna á vegum Reykjavíkurborgar, dags. 1. júlí 2019.